

**Fundargerð 372. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 4. september 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. **Kjaramál, kjaraviðræður staðan nú**
 - Fundir BSRB með ríkinu
 - Fundir SLFÍ með:
 - Ríki
 - Reykjavíkurborg
 - SNS
 - SFV
4. Sjúkraliðadagur hjá Reykjavíkurborg 22. og 30. október
5. Jafnlaunavottun á LSH, starfsmat
6. Beiðni stjórnenda Brákarhlíðar um að sjúkraliðar fari af samningi SNS yfir á samning SFV
7. Starfshópur um mönnun heilbrigðiskerfisins
8. Fundur um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustunni, 5. september
9. Starfamannamál – hópefli

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjaramál, kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem verið hafa á vegum BSRB við ríkið. Á síðasta fundi var farið yfir ýmis mál er varða vinnuumhverfi opinberra starfsmanna, rætt var um veikindakaflann, launaþróunartrygginguna o.fl. Umræðan um styttingu vinnuvikunnar er í sértækri starfsnefnd þ.s. m.a. BSRB á fulltrúa.
- SBF fór yfir umræðuna á fundi félagsins með SNR, þ.s. sérstaklega var farið yfir styttingu vinnutíma og mat á kaffitímum og öðru verðmæti. Fulltrúar SLFÍ gerðu grein fyrir að ekki kæmi til greina að skipta út yfirvinnunni sem greidd er fyrir ónæðið í kaffitímum fyrir óskilgreinda launahækkun, sem allir nytu, áhugi væri frekar fyrir að verðmeta og nýta til sértækar styttingar vinnuviku vaktavinnufólks. Mikil umræða var um hugtakið virkur vinnutími.
- SLFÍ fundaði með samninganefnd Reykjavíkurborgar um mat á menntun og menntamál sjúkraliða yfirleitt. Farið var yfir mikilvægi símenntunar sjúkraliða og mikilvægi þess að koma framhaldsnáminu af stað á ný o.fl.
- Sveitarfélögin og Reykjavíkurborg greiddu kennurum í fæðingarorlofi tafabætur, en það gerði borgin ekki fyrir aðra starfsmenn borgarinnar sem eru undir BSRB.
- Engir fundir hafa verið með SFV eða SNS varðandi kjarasamninga.

4. Sjúkraliðadagur hjá Reykjavíkurborg 22. og 30. október

SBF fór yfir að unnið væri að dagskrá sjúkraliðadaganna í samstarfi mannauðssviðs borgarinnar og félagsins. Mikil jákvæðni er gagnvart þessu framtaki og vonandi tekst vel til þannig að framhald geti orðið á. Drög að dagskrá liggja fyrir.

5. Jafnlaunavottun – starfsmat á LSH

SBF og GÖG gerðu grein fyrir að í gangi væri starfsmat á LSH þ.s. boðaðir væru tugir sjúkraliða þ.s. metnir eru 16 þættir í störfum hvers og eins. Mjög mikilvægt er að sjúkraliðar mæti og vandi til verka. Fulltrúi mætir frá félaginu og tekur þátt í matsstörfunum.

6. Beiðni stjórnenda Brákarhlíðar um að fara af samningi SNS yfir á samning SFV

SBF gerði grein fyrir að stjórnendur Brákarhlíðar hefðu óskað eftir að fara af kjarasamningum SNS yfir á SFV samningana. Viðlíka beiðni hefur áður komið frá stjórnendum Brákarhlíðar, en á þeim tíma var verulega mikill munur á ákveðnum réttindum á milli samninga þessarar tveggja aðila. Nú hefur margt í samningunum og umhverfi þeirra snúist við þannig að SLFÍ setur sig ekki á móti slíkri færslu ef ákveðin atriði sem eru í kjarasamningi SNS verða tryggð áfram með bókun. SBF og GÖG voru á fundi í Borgarnesi þ.s. farið var yfir málin með sjúkraliðunum og þeirra skoðun/hugmyndir kannaðar.

7. Starfshópur um mönnun heilbrigðiskerfisins

SBF fór yfir aðdragandann að skipun þriggja starfshópa, sem fjalla eiga um menntun sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og sérfræðilækna og gerði grein fyrir hvert verkefni hópanna ætti að vera. Í hópunum verður farið yfir menntun heilbrigðisstarfamanna og þeim falið að koma með tillögur um bættu menntun og markmiðið með þessu er að bæta mönnun innan heilbrigðiskerfisins. Skila á inn aðgerðaráætlun til heilbrigðisráðherra í desember.

8. Fundur um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustunni, 5. september

SBF fór yfir að á fundinum um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustunni verði ákveðin erindi og síðan verður boðið upp á umræður í pallborði/sófasetti þ.s. málefnið verða rædd frekar og horft til framtíðar. SBF tekur þátt í sófaspjallinu um m.a. menntun sjúkraliða.

9. Starfamannamál – hópefli

SBF fór yfir að til stæði að halda starfsmannahitting þ.s. framkvæmdastjórn væri með. Stefnt er að 26. september.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 17.10